

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014, Framheiði í landi Galtalækjar, Rangárþingi ytra.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. mars 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014 frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að 76 ha landbúnaðarsvæði í landi Galtalækjar breytist í svæði fyrir frístundabyggð þar sem gert er ráð fyrir 6 lóðum. Aðkoma að svæðinu liggur frá þjóðveginum (tengivegi nr. 26).

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. mars 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2007